

Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Aðalfundur 14. maí 2013

Þóra Björk aðstoðarskólastjóri var kosin fundarstjóri.

Skýrsla stjórnar. Formaður fer yfir skýrslu stjórnar. Engar athugasemdir gerðar.

Gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum félagsins. Enn er félagið rekið með hagnaði og því hækkar innistæða á reikningi félagsins. Mjög vel gengur að innheimta félagsgjöld. Vilji á fundinum að styrkja starf skólans enn frekar og að safna ekki fjármunum á bankareikningum. Ákveðið að fjárfesta í fleiri bingóspjöldum fyrir skólann. Rætt í framhaldi hvað foreldrafélagið getur keypt fyrir skólann. Tillaga um að fjölga taflborðum í skólanum. Ákveðið að félagið athugi með kaup á taflborðum.

Kosið í stjórn foreldrafélagsins. Nú eru tveir stjórnarmenn að hætta og því vantar tvo í stað þeirra. Enginn hafði boðið sig fram fyrir fundinn. Anne og Linda kynna starf stjórnarinnar fyrir fundinum og lýsa eftir stjórnarmönnum. Álfheiður Tryggvadóttir og Inga Dóra bjóða sig fram og eru kosnar í stjórnina.

Rætt um félagsgjöld. Ákveðið að árgjaldið verði óbreytt.

Önnur mál:

Rætt um gott starf í eineltisteymi og hverju það getur skilað. Í framhaldi rætt um mikilvægi foreldrafélagsins og starf þess. Mikil ánægja með þá fyrirlestra sem félagið hefur staðið fyrir, m.a. fyrirlestur um einelti. Gott að vera í samstarfi við önnur foreldrafélög þegar kemur að því að fá fyrirlestra. Rætt í framhaldi um sniðuga fyrirlestra sem gaman væri að fá fyrir foreldra.

Tillaga frá aðila á fundinum að Árborg gefi út bækling um það sem er í boði yfir vetrartímann, íþróttatímar o.fl. Og auka þannig samstarf á milli skólanna og íþróttafélaganna. Mikilvægt að æfingatímar passi vel við matartíma nemenda í skólanum og þann tíma sem nemendur geta verið á skólavist. Oft eru foreldrar að borga fyrir skólavist á þeim tíma sem það er á æfingum. Lagt til að allir aðilar skoði þessi mál betur.

Fram hefur komið mikil ánægja með forvarnarfulltrúa Árborgar. Tillaga að foreldrafélagið komi þessum skilaboðum til framkvæmdarstjóra Árborgar, vonast er til að hann haldi áfram sínum góðu störfum fyrir sveitarfélagið.

Rætt um að efla skákáhuga innan skólans, t.d. að fá kennara og halda mót.

Fundi slitið kl. 18.15